

source.re

„We know too much about ecology today to have any excuse for the many abuses that are currently going on in the management of the land, in the management of animals, in food storage, food processing and in heedless urbanisation. If we permit it, this is not due to poverty, as if we could not afford to stop it; it is due to the fact that as a society we have no firm basis of belief in any meta-economic values, and when there is no such belief economic calculus takes over.“

E.F. SCHUMACHER, 1973



Hvernig lítur
náttúruleg auðmjúk
hagfræði út?



Hvernig má þiggja gjafir allra auðlinda samkvæmt
þeirri eilífu hringrás sem lögmál náttúrunnar bjóða,
án þess að gengið sé á uppsprettuna sjálfa – hvorki
náttúruauðlindina manneskju né aðrar
náttúruauðlindir?



Hvar býr gnægðin?




Hver er mynd hins ómælda og ómælanlega í miðju hins afmarkaða og mælda? Í Tilraunastofunni verða rannsökuð framfærsluviðmið einstaklings og hannaður nýr þjóðhagsreikningur sem miðast við vítt sjónarhorn á verðmæti, gildi og orku. Aðferðafræðin er persónuleg og miðast við lifandi einstaklinga í stað þess að nálgast verkefnið almennt út frá tölfræði. Hið almenna og hið einstaka verður ekki skoðað sitt í hvoru lagi.



Hvernig lítur þjóðhagsreikningur út sem tekur ábyrgð á auðlindinni manneskju?



Myndi mannleg nálgun, þar sem manneskjan fremur en verg landsframleiðsla er útgangspunktur, geta orðið drifkraftur breytinga í átt að strúktúrum sem þjóna manneskjum, samfélagi og jörðinni í heild sinni?



Samfélagskerfi hins
sammannlega?



Í tilraunastofunni verður tekist á við þá spurningu hvort að mögulegt sé að aðlaga þá strúktúra og þau kerfi, sem hefðbundin hagfræði byggir á, að manneskjum til næringar og viðhalds þeirra sem auðlindar.



Framfærsluviðmið og þjóðhagsreikningar



Framfærslu- og auðlindaskráningin fer fram á dagbókarformi þar sem skráðar eru athafnir hvers dags og allar þær auðlindir og orka sem koma við sögu, ytra sem innra. Samhliða verður aðferðafræði mótuð til skráningar orkuauðlindanna í þjóðhagsreikning. Framfærsluskráningin verður í framhaldinu rýnd andspænis gildandi viðmiðum um grunnframfærslu sem einnig verður rýnd og yfirfærð á reynd.




Hvernig má nálgast togstreitu
togstreitu hnattrænna áskoranna,
svæðisbundinna úrlausnarefna
og einstaklinga?



Rannsóknarefnið er skilgreint sem það sem varðar
auðlegð, auðlindir, auðmagn, auðvald og auðmýkt.
Á tilraunastofunni viljum við rannsaka hvað gerist
þegar athyglinni er beint að auð. Í stað þess að
beina sjónum að þeim skorti sem einblínt hefur
verið á, verður auðlegðin sem undir öllu hvílir
dregin fram í dagsljósið.



Alþjóðlegt verkefni



Verkefnið er þverfaglegt og alþjóðlegt en Ísland er sett í fókus sem birtingarmynd hins smáa í stóra samhenginu. Þannig getur verkefnið varpað ljósi á stöðu þjóða heims sem allar standa frammi fyrir togstreitu sem af alþjóðavæðingu leiðir. Ísland birtir þessa spennu á skala sem er viðráðanlegur og skýr.

„Hvers vegna, umfram allt, hefur maðurinn valið frammistöðumenningu, þekkingar, stjórnunar, [...] og ekki menningu þess sem er með, sem talar við; það er menningu tengsla við hinn? Hvers vegna hefur maðurinn fórnað miklum hluta sjálfs sín til slíkrar menningarlegrar afstöðu? Hvers vegna hefur maðurinn útskúfað ástúð, ástríðu og jafnvel lífinu sjálfu fyrir þekkingarfræðilega getu?“

LUCE IRIGARAY, 2008